

Nd. **6. Frumvarp til laga** [6. mál]

um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

**1. gr.**

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita Friedrich Karl Lüder verkfræðingi, Kiel, Þýzkalandi, leyfi til þess að reka atvinnu í Hafnarfirði, sem nauðsynleg er í sambandi við vinnslu hraunefnis.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

**Bráðabirgðalög um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi gjört samninga við Friedrich Karl Lüder verkfræðing, Kiel, Þýzkalandi, um vinnslu hraunefnis í landi kaupstaðarins, en slík vinnsla hefur í för með sér atvinnurekstur hér á landi. Eigi er heimild í lögum til þess að veita útlendingum leyfi til atvinnurekstrar í landinu, nema þeir séu þar heimilisfastir. Þar eð umræddur Friedrich Karl Lüder á ekki lögheimili hér á landi, ber brýna nauðsyn til þess, að heimild sé gefin í þessu sérstaka tilfelli, til þess að veita atvinnurekstrarleyfi, þó að atvinnurekandi sé ekki heimilisfastur hér á landi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita Friedrich Karl Lüder verkfræðingi, Kiel, Þýzkalandi, leyfi til þess að reka atvinnu í Hafnarfirði, sem nauðsynleg er í sambandi við vinnslu hraunefnis.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.